

Föstudaginn 15. maí 1936.

Nr. 128/1935. Réttvísinn og valdstjórnin

(Th. B. Lindal)

gegn

**Jóni Guðfinnssyni og Kristjáni
Ebenezer Kristjánssyni**

(Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn ákvæðum 200. gr. alm. hegningarlaga,
260. gr. siglingalaganna og l. nr. 40 frá 1922 og nr.
50 frá 1924.

Dómur sjóréttar Ísafjarðarsýslu 26. júní 1935: Ákærður Kristján Ebenezer Kristjánsson á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Ákærður Jón Guðfinnsson greiði 200 kr. sekt í ríkis-sjóð og komi 18 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóhanns Bárð-arsonar, kr. 50.00.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, verður að telja ákærðan Jón Guðfinnsson hafa gerzt sekan um gáleysi í sambandi við fermingu þar greinds vélbáts þann 3. júlí 1934, og að ákærði hafi þar með orðið valdur að mannláti og sjóttjóni. Er þetta brot ákærða og þau önnur, sem í dóminum greinir, rétti-lega heimfærð undir þar nefndar lagagreinir. Þyk-ir refsing ákærða fyrir þau brot hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði Kristján Ebenezer Kristjánsson réð á-kærða Jón Guðfinnsson til formennsku og, að því

er virðist, einnig til vélgæzlu á v/b Tóta, sem var rúmar 6 brúttósmálestir að stærð og hafði 20 hestafla vél, til tveggja mánaða, þann 1. júlí 1934, enda þótt Jón hefði hvorki rétt til formensku á vélbát af þessari stærð né gæzlu vélar með þessari hestaflatölu, og þrátt fyrir það boð 6. gr. laga nr. 50/1924, að á mótorskipum með 12—50 hestafla vél skuli vera einn vélgæzlumaður, er fullnægi skilyrðum 3. gr. sömu laga. Ákærði Kristján, sem lét bátinn fara í erindum þriðja manns frá Bolungarvík til Ísafjarðar þann 3. júlí 1934, og einnig bar að sjá um að hann væri löglega mönnum skipaður, hefir með þessum hætti gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. málsg. 260. gr. siglingalaganna, og þykir refsing hans fyrir það brot hæfilega ákveðin 150 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum, þykir verða að dæma hina ákærðu in solidum til að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði, þar með talin málsvarnarslaun skipaðs talsmanns þeirra þar, 50 krónur, og allan áfrýjunarkostnað hennar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Guðfinnsson sæti 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði Kristján Ebenezer Kristjánsson greiði 150 króna sekt í ríkissjóð og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms

Hinir ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað í héraði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í héraði, Jóhanns kaupmanns Bárðarsonar, 50 krónur, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæsfaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Lindals og Jóns Ásbjörnssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjódóminum af hálfu réttvissinnar og valdstjórnarinnar gegn ákærðum Jóni Guðfinnssyni og Kristjáni Ebenezer Kristjánssyni, formönnum í Bolungarvík, fyrir meint brot á 17. kapit. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, 12. kap. siglingalaga nr. 56. 30. nóv. 1914, lögum nr. 40 19. júní 1922 um atvinnu við siglingar og lögum nr. 50 4. júní 1924 um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum mótorskipum, en tildrög málsins eru þessi:

Hinn 3. júlí 1934 fór ákærði Jón Guðfinnsson á vélbát Tóta, Í. S. 10, sem samkvæmt skipaskrá var talinn 6,04 rúmlestir að stærð frá Bolungavík til Ísafjarðar til þess að sækja við o. fl. Meðákærði Kristján E. Kristjánsson, sem er eigandi skipsins, var með í förinni sem farþegi ásamt fleiri mönnum, en skipi, sem hann hafði ráðið ákærða Jón Guðfinnsson til að vera formann á um tveggja mánaða skeið frá 1. júlí, hafði hann léð Einari kaupmanni Guðfinnssyni til flutninga þessara.

Við rannsókn málsins er með eiðfestum framburði vitna og á annan hátt þetta upplýst:

Síðari hluta greinds dags hafði farmi verið komið fyrir í v/b Tóta og tvö uppskipunarskip, sem hafa átti í eftirdragi og var farmi þannig fyrirkomið:

Seglfesta, lóð, keðjur og mól, ca. 1000 kg. var í bátnum eftir því, sem formaður hefir getað upplýst. Undir þiljur í skut voru látin 3 skp. kol. Í lest var raðað girðingarstaurum eins og rúm leyfði. Girðingarstaurum var raðað á þilfar bátsins svo að hlaðinn stóð nokkuð upp fyrir skjólborð, en hæstur miðskipa, þar einn eða tæpur meter á hæð. Í göngum fram með stýrishúsi og lúgarskappa var raðað staurum í hæð með skjólborðinu. Miðþilfarið fyrir framan siglu var autt, en nokkurar — 9 — girðinganetsrúllur ca. 30 kg. að þyngd hver, voru á skipinu ofan þilja, en eigi er fullt upplýst hvar þær hafa verið.

Er v/b Tóti lagði frá bryggju voru í honum 3 skipverjar og 14 farþegar. En fargjald skyldi þó enginn greiða. Af skipverjum voru tveir niðri í vélarrúmi og af farþegum 4 í lúkar og því 11 manns á þilfari. Einn maður var í hvoru uppskipunarskipanna. Veður var lygnt og sjór sléttur.

Á fimmtu stundu eftir hádegi var lagt frá bæjarbryggjunni á Ísafirði. Þá þegar fór ákærði Jón Guðfinnsson niður í vélarrúmið til þess að gæta að vélinni, en fól meðákærðum Kristjáni að líta eftir ofanþilja. Fylgibátunum var þannig fyrir komið að þeir voru tengdir saman, en annar þeirra svo bundinn í v/b Tóta með dráttartaug úr digrum kaðli, sem bundinn var í krussholt á stjórnborðshlið á v/b Tóta gegnt stýrishúsi. Hægt var lagt frá bryggjunni, en ferð smá aukin þangað til ætla má að allþungt skrið hafi verið komið á alla bátana. Hafði þá ákærði Kristján orð á því, að fylgibátarnir gerðu velting á bátinn og mundi réttara að flytja dráttartaugina aftur í stafnboga yfir stýri vélbátsins, til þess að átakið kæmi beint á lengdarlínu hans. Kallaði þá einn af farþegunum niður í vélarrúmið að stöðva skyldi bátinn og var það gert, og í sömu svifum skipti ákærði Kristján á skiptihjólinu svo að spaðarnir sýndu núll eða jafnvel aftur á bak. Beygði hann sig í sömu andrá niður til þess að leysa dráttartaugina úr krussholtinu jafnskjótt og á henni slakaði, en taugin var sver og lét illa að, og áður hann fengi um hana losað fann hann, að aftur strikkaði á henni. Leit hann þá upp til að sjá hverju sætti og sá þá að annar fylgibáturinn hafði runnið fram með bakborðshlið v/b Tóta og með átaki sínu snarsnúið vélbátum til stjórnborða. Skipti nú

engum togum, stjórnborðshlið vélbátsins seig í sjó og skutur hans niður.

Sumt af fólki því sem var á v/b Tóta komst hrakningalítið yfir í fylgibátana, en aðrir fóru í sjóinn og velktust nokkuð. Komust þó allir upp í fylgibátana lítt þrekaðir nema ein kona, Jóhanna Kristjánsdóttir, sem náðist en eigi tókst að lifga þótt læknir væri strax til kvaddur.

Á atburðum þessum er í vörninni í málinu gefin þessi skýring: Er skrið tók af vélbátnum við það að tekin var spenna af vélinni og spaðar stilltir á núll, hafi fylgibátarnir haldið skrið sínum fullum um sinn. Er þeir þannig sóttu fram á vélbátinn, slakknáði á dráttartauginni, sem fest var í vélbátinn, en sökum þunga sins sökk hún jafnóðum í sjó þar til hún var komin dýpra en kjölur vélbátsins. Flutti fylgibáturinn, er hún var tengd í, hana fram undir kjöl vélbátsins þangað til hana þraut, svo að viðnám varð í festingu hennar í krussholtinu. En þá var enn svo mikill skriður á fylgibátnum, sem tilviljun hafði gefið þá stefnu, að hann varð bakborðsmegin við vélbátinn, að átakið raskaði jafnvægi punkti vélbátsins svo að farmur skákaðist og orsakaði að stjórnborðshliðin seig í sjó, þar til sjór féll í vélarrúmið og keyrði skut hans niður. Skýring þessi, sem styrkt er af framburði vitna virðist sennileg.

Eins og að framan segir, var ákærður Jón Guðfinnsson formaður á v/b Tóta, er slysið varð, og ber því, sbr. 2. málsg. 31. gr. siglingalaganna, nr. 56 1914, að sjá um hleðslu og annað, er að haffæri skipsins laut, væri í góðu lagi, er lagt var upp í ferðina.

Í málinu er það upplýst, að auk ákærðu fóru með bátnum ýmsir vanir sjómenn og virðist svo, að þeir hafi ekki fundið neitt sérstaklega athugavert við hleðslu bátsins.

Einnig er það upplýst í málinu, að Jón Guðfinnsson hafi ásamt tveim mönnum öðrum reynt stöðugleika bátsins eftir að allur farmurinn hafði verið látinn í bátinn að undanteknum kolum og vírrúllunum, þannig að þeir fóru þrír út í borðin til skiptis til að vita hve mikið báturinn hallaðist við það, og er sannað með eiðfestum framburði tveggja vitna, að þeim hafi þá virst báturinn stöðugur.

Þrátt fyrir þetta, og þótt báturinn hafi að líkindum verið fær til ferðarinnar í sama veðri fylgibátalaus, þá

litur rétturinn svo á, að það hafi verið óvarlegt að bæta mörgum farþegum á bátinn þannig hlaðinn sem hann var og ætla honum um leið að draga á eftir sér tvö hlaðin og þung uppskipunarskip.

Verður rétturinn því að líta svo á, að hinum ákærða formanni hafi átt að vera það ljóst, að slys gæti af hlotist. Rétturinn verður því að vera þeirrar skoðunar, að ákærði hafi ekki við hið umrædda tækifæri sýnt þá aðgæzlu og varúð, er honum bar, og með því hirðuleysi sínu og gáleysi orðið valdur að slysi því, er varð við umrætt tækifæri.

Með eigin játningu ákærðs **Jóns Guðfinnssonar** er sann- að, að hann er hann réðist sem formaður á v/b Tóta eigi hafði skipstjóra- né formannsskirteini, eða skirteini, er heimilaði honum að gæta vélar stærri en 12 hestafla, og hefir hann þannig gerzt brotlegur við ákvæði 2. gr. 1. nr. 40 1922, og 3. sbr. 2. gr. 1. nr. 50 1924.

Samkvæmt framansögðu þykir verða að heimfæra brot ákærða Jóns Guðfinnssonar, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 11. sept. 1911 og hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot undir 261. gr. siglingalaganna og 200. gr. almennra hegningarlaga svo og framangreind ákvæði laga nr. 40 1922 og nr. 50 1924, sbr. 25. gr. 1. nr. 40 1922 og 10. gr. 1. nr. 50 1924, og þykir refsing hans með tilliti til framangreindra málsbóta og ungs aldurs hæfilega ákveðin 200 kr. sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 18 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún eigi er greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Í málinu er það upplýst, að ákærði Kristján E. Kristjánsson, sem er eigandi v/b Tóta, hafði lánað Einari Guðfinnssyni kaupmanni í Bolungavík, bátinn til ferðar þeirrar, er um ræðir en sjálfur aðeins verið farþegi með bátnum. Verður því að áliti réttarins eigi talið að honum hafi borið sérstök skylda til að líta eftir eða hlutast til um hleðslu eða haffæri bátsins, enda hafði hann engin afskipti að hleðslunni. Að visu er sannað, að ákærði Jón Guðfinnsson hafi falið Kristjáni eftirlit ofan þilfars, er lagt var af stað í ferðina, en það verður að líta svo á, að starf þetta hafi hann framkvæmt á ábyrgð formannsins og að hann, Kristján, verði eigi sakaður um neina sérstaka óvarkárni eða hirðuleysi í þann stutta tíma, er hann hafði

eftirlit þetta á hendi. Verður því eigi talið að Kristján hafi gerzt brotlegur við 12. kap. siglingalaganna né 17. kap. alm. hegningarlaga.

Eigi verður Kristján heldur dæmdur til refsingar samkv. l. nr. 50 1924 né lögum nr. 40 1922 þar eð hegningarákvæði þeirra laga eiga aðeins við þá, er stunda þar um rædda atvinnu í heimildarleysi.

Ber því að sýkna hann af kröfum réttvisinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða Jón Guðfinnsson til að greiða allan kostnað sakarinnar þar á meðal 50 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóhanns Bárðarsonar, kaupm. Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 18. maí 1936.

Nr. 114/1935. Valdstjórnin (Pétur Magnússon)

gegn

Sigurgeir Sigurðssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabætur dæmdar vegna líkamsmeiðinga, er hlutust af ógætilegum bifreiðarakstri.

Dómur lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar-kaupstaðar 25. júní 1934: Kærðu bifreiðarstjórnarnir Sigurgeir Sigurðsson, Syðra-Hóli í Öngulstaðahreppi og Helgi Árnason, Skálpagerði í sama hreppi, og ennfremur váttryggingafélagið Baltica h/f Reykjavík, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn Helga Stefánssyni á Þorustöðum í Öngulstaðahreppi f. h. sonar hans Stefáns Helgasonar 5517.60 — fimm þúsund fimm hundruð og sautján — krónur og 60 aura ásamt 5% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 10. marz 1934 að telja þar til greitt er, þá greiði kærðu ásamt váttryggingarfélaginu Baltica h/f einnig in solidum Helga Stefánssyni 250 — tvö hundruð og fimmtíu — krónur í málskostnað.